



Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

78. fundur skóla og frístundaráðs, 29. apríl 2015, [sjá fundargerð](#)

10. liður

Lögð fram [áskorun](#) frá SAMFOK og fleiri samtökum og foreldrafélögum, ódags., um skólastefnuna Skóli án aðgreiningar.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. apríl 2015, varðandi upplýsingar um stuðning og úrræði við grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Áheyrnarfulltrúar foreldra barna í leikskólum og grunnskólum, kennara í grunnskólum og skólastjóra í leikskólum og grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Þjónusta við börn með margþættan vanda þarf að vera samvinnuverkefni allra þeirra sem koma að umönnun og þjónustu við börn. Skortur á samstarfi þessara aðila veldur því að utanumhaldið verður ekki heildstætt. Oft er verið að bregðast við birtingarmynd vandans á hverjum stað fyrir sig sem dugar skammt því ekki er unnið nægilega vel, sameiginlega og markvisst, að því að greina og vinna með rót vandans. Heimilin, skólinn, sveitarfélögin, ríkið, heilbrigðisstofnanir og aðrar þjónustustofnanir fyrir börn í vanda þurfa að vinna saman og vinna þarf heildstætt með einstaklinginn, fjölskylduna og skólaumhverfið til þess að sem bestur árangur náist. Ljóst er að þessum vinnubrögðum getur fylgt mikill kostnaður en jafnljóst ætti að vera að þeir fjármunir muni sparast síðar ef vel tekst til við að leysa úr vanda barna áður en hann verður verulega alvarlegur. Fulltrúar foreldra grunnskólabarna, grunnskólakennara og skólastjórna í grunnskólum leggja til að farið verði í sameiginlega vinnu Reykjavíkurborgar, heilbrigðis- og menntamálaráðuneytis við að greina umfang vandans, hvaða úrbóta er þörf og leggja til lausnir og bjóða fram aðkomu sína að slíkri vinnu.